



# SJÚKRAFLUTNINGASKÓLINN

## Ársskýrsla 2019

### Inngangur

Hlutverk Sjúkraflutningaskólans er að veita menntun á sviði sjúkraflutninga og bráðapjónustu utan sjúkrahúsa. Við skólann starfar einn starfsmaður í fullu starfi sem jafnframt gegnir stöðu skólastjóra. Auk hans koma að námskeiðum leiðbeinendur og umsjónarmenn námskeiða sem verktakar sem eru m.a. sjúkraflutningamenn, bráðatæknar, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og læknar.

Sjúkraflutningaskólinn er rekinn sem eining innan Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) og ber framkvæmdastjórn SAK ábyrgð á daglegum rekstri skólans. Ennfremur er starfandi fagráð Sjúkraflutningaskólans en í því sitja fulltrúar frá SAK, Heilbrigðisráðuneyti, Háskólanum á Akureyri og Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Á árinu 2019 voru haldin 62 námskeið (voru 47 árið 2018) og var heildarfjöldi þátttakenda 567 (voru 478 árið 2018). Fjöldi námskeiða og nema í sjúkraflutningum, og í vettvangshjálpi er nokkuð stöðugur milli 2018-2019 en nokkur aukning varð í endurmenntunar- og sérnámskeiðum milli 2018 og 2019.



Frá útskrift Sjúkraflutningaskólans 1. júní 2019 Mynd: Sveinbjörn Dúason

## Fyrirkomulag menntunar sjúkraflutningamanna.

Allt frá árinu 2012 hefur verið unnið að endurskoðun á heildarnámi sjúkraflutningamanna. Árið 2018 voru fyrstu hóparnir sem kláruðu heildarnámið eftir endurnýjun námsins, EMT og EMT-Advanced útskrifaðir sem slíkir. Bæði kjarnahluti og framhaldshluti námsins, byggjast á viðmiðum úr kennsluskra sjúkraflutningamanna í Bandaríkjum NA, byggt á stöðlum frá National Highway Traffic Safety Administration (NHTSA). Auk náms í sjúkraflutningum sinnir skólinn námi í Vettvangshjálp (First Responder) og má hér nefna samstarf Sjúkraflutningaskólans við Háskólann á Akureyri og Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar varðandi menntun lögreglunema í vettvangshjálp. Árið 2019 útskrifuðust 40 lögreglunemar sem vettvangsliðar (FR). Vettvangshjálparnámið byggist einnig á stöðlum NHTSA eins og nám í sjúkraflutningum. Annað nám var með hefðbundnu sniði en reynt er að bjóða upp á allt nám sem næst nemendum og hefur t.d. grunn- og framhaldsnámið verið kennt á fimm stöðum á landinu undanfarin þrjú ár.

## Útskrift 2019.

Útskrift Sjúkraflutningaskólans var haldin í hátíðarsal Háskólans á Akureyri laugardaginn 1. júní 2019. Útskrifaðir voru 148 nemendur, þar af 66 úr kjarnahluta sjúkraflutninganáms (EMT) og 20 nemendur úr framhaldsnámi sjúkraflutninga (EMT-A). Einnig útskrifuðust 62 nemendur sem Vettvangsliðar (First Responders) sem luku 40 klst. námi í Vettvangshjálp (EMR).

Tónlistarmaðurinn Anton Líni flutti söngatriði á undan útskrift. Ávörp fluttu Ingimar Eydal skólastjóri Sjúkraflutningaskólans, Hildigunnur Svavarsdóttir framkvæmdastjóri bráða- og þróunarviðs SAk, Kristján Sigfússon verkefnisstjóri kjarnanáms og Árni Friðriksson útskriftarnemi úr framhaldsnámi sjúkraflutninga.



Hluti EMT-Advanced útskriftarnemar Sjúkraflutningaskólans. Mynd SD.

## Starfsfólk og nefndir skólans

### Skólastjóri:

Ingimar Eydal

Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri ber ábyrgð á rekstri Sjúkraflutningaskólans. Sjúkraflutningaskólinn heyrir undir framkvæmdastjóra bráða- og þróunarsviðs en framkvæmdastjóri er Hildigunnur Svavarsdóttir.

**Verkefnisstjóri:** Valur Halldórsson starfaði sem verkefnisstjóri nýs framhaldsnáms í sjúkraflutningum (EMT-Advanced) sem verktaki í hlutastarfi.

**Umsjónarmaður búnaðar:** Jón G. Knutsen starfaði í hlutastarfi sem umsjónarmaður búnaðar skólans.

### Fagrað Sjúkraflutningaskólans:

Sigurður E. Sigurðsson framkvæmdastjóri lækninga SAK, formaður ráðsins  
Anton Berg Carrasco Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna  
Viðar Magnússon yfirlæknir bráðaþjónustu utan sjúkrahúsa, Landspítala  
Brynjar Friðriksson deildarstjóri sjúkraflutninga Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.  
Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir sérfræðingur í bráðahjúkrun, Háskólinn á Akureyri  
Kristján Sigfússon fagraði Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna  
Hjörtur Kristjánsson umsjónarlæknir Suðurlandi, Heilbrigðisstofnun Suðurlands


### Inntökunefnd

Fulltrúar úr Fagraði skólans skipa inntökunefnd ásamt skólastjóra. Verkefni nefndarinnar eru að meta umsóknir nýnema og raða þeim inn skv. verklagsreglum.


## Námskeið

Haldin voru 62 námskeið á árinu 2019 og voru þátttakendur samtals 567. Á árinu 2019 voru eftirtalin námskeið haldin (sjá myndrit 1 og 2) (fjöldi 2018 í sviga).

### Myndrit 1 Tegundir og fjöldi námskeiða



### Myndrit 2 Fjöldi þátttakenda á námskeiðum skólans



**Kjarnanámskeið í sjúkraflutningum** (Grunnnámskeið EMT) er 260 klst námskeið sem veitir þeim sem því ljúka starfsréttindi og löggildingu sem sjúkraflutningamenn. Á árinu 2019 voru haldin **sjö** kjarnanámskeið EMT bæði í streymisnámi og staðarnámi með samtals **65** nemendum. Streymisnámskeið voru sex, þar sem bókleg kennsla fór fram í gegnum Moodle fjarkennslu samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri en verklegar lotur voru á Akureyri (11 nemendur), Reyðarfirði (7 nemendur), Sandgerði (13 nemendur) Selfossi (13 nemendur), Ísafirði (3 nemendur) og aukanámskeið á Selfossi (8 nemendur). Einnig var haldið eitt staðarnámskeið í Reykjavík, með 10 nemendum.. Notuð er bókin Emergency Care, 13. útgáfa frá útgáfufyrirtækiu Pearson sem og önnur kennslugögn s.s. glærur og próf.

**Framhaldshluti grunnnáms, EMT-Advanced (áður EMT-I).** EMT-Advanced er heiti á framhaldsnámi sjúkraflutninga. Námið er nú skipt niður í fjórar lotur þannig að nemendur taka námið í lotum og geta ráðið hraðanum, þó er miðað við að námið taki ekki lengri tíma en þrjú ár. Kenndar voru Lotur 2,-3 og 4 á árinu, samtals voru **átján** námskeið í lotunáminu með **158** nemendum samtals, þar með talin lokafærnimat þar sem nemendur fara í gegnum mat á öllum þáttum framhaldsnámsins sem þeir þurfa að standast til að geta útskrifast. Í lotu 2 voru kennd fimm námskeið með samtals 51 nemendum. Tvö í Reykjavík en eitt á Akureyri, Sandgerði og Reyðarfirði. Í lotu 3 voru fimm námskeið með 44 nemendum, tvö í Reykjavík og eitt á Sandgerði, Akureyri og Reyðarfirði. Í lotu 4 voru síðan fjögur námskeið, tvö í Reykjavík og eitt á Akureyri og Sandgerði með samtals 38 nemendum. Lokafærnimat var svo haldið fjórum sinnum fyrir samtals 25 nemendum, þau voru haldin í Reykjavík, Sandgerði og á Akureyri.

**Vettvangshjálparnámskeið (First Responder)** Um er að ræða **40 klst.** námskeið sem er ætlað viðbragðsaðilum sem eru líklegir til að verða fyrstir á vettvang slysa, s.s lögreglu, slökkvilið, björgunarsveitir eða aðrir skipulagðir viðbragðsaðilar. Á árinu 2019 var lokið við endurskoðun og endurnýjun alls námsefnis í Vettvangshjálpar. Námskeiðið er byggt á viðurkenndum bandarískum staðli (NHTSA) og var það staðfært að íslenskum aðstæðum og inniheldur bæði bóklegt og verklegt nám. Samtals voru haldin **átta** námskeið í Vettvangshjálpar. Fimm námskeið voru haldin fyrir lögreglunema við Háskólann á Akureyri, eitt námskeið fyrir Vettvangsliða Securitas í Reykjavík, eitt námskeið fyrir vettvangsliða í Hrísey og eitt fyrir vettvangsliða á Raufarhöfn. Samtals voru **60** nemendur í vettvangshjálpar á árinu 2019.

**Endurmenntunar- og sérsnámskeið** fyrir sjúkraflutningamenn, vettvangsliða og aðra viðbragðsaðila voru **tuttugu og níu** og tók hvert námskeið 8-20 klukkustundir. Þar af voru fimm ILS námskeið (Sérhæfð endurlífgun 1), sex EPILS námskeið (Sérhæfð endurlífgun barna 1), tvö ALS námskeið (sérhæfð endurlífgun 2) og sextán endurmenntunarnámskeið fyrir Vettvangsliða og sjúkraflutningamenn víða um land. Endurmenntunar- og sérsnámskeið voru haldin á eftirtöldum stöðum; Akureyri, Blönduósi, Egilsstöðum, Fjallabyggð, Grindavík, Patreksfirði, Keflavíkurflugvelli, Reykjavík, Sandgerði, Þingeyjarsveit og Þórshöfn. Þátttakendur voru samtals **284**.



## Önnur verkefni

### *Ráðstefnur og heimsóknir.*

Skólastjóri tók þátt í ráðstefnunni EMS 2019 í Madrid í maí.

### *Stefnumótun Sjúkraflutningaskólans*

Á árinu 2019 var hafist handa við stefnumótunarvinnu Sjúkraflutningaskólans. Haraldur Egilsson ráðgjafi stýrði þessari vinnu og unnin var svokölluð SVÓT greining til að greina helstu atriði í innra og ytra umhverfi skólans. Í framhaldinu var greind framtíðarsýn skólans og helstu lykilaðgerðir á næstu árum. Í nefnd um stefnumótun sátu auk skólastjóra, Hildigunnur Svavarsdóttir framkvæmdastjóri SAK, Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir, bráðahjúkrunarfræðingur, kennslu- og þjálfunarstjóri á SAK og Sveinbjörn Dúason, bráðataeknir

### *Stefnumótun í sjúkraflutningum til 2030.*

Skólastjóri var skipaður í nefnd Heilbrigðisráðuneytis um mótun stefnu í sjúkraflutningum til ársins 2030 og skilaði nefndin af sér í desember 2019. Vinnan var unnin á grunni nýrrar heilbrigðisstefnu sem kynnt var á árinu.

### *Fagráð sjúkraflutninga.*

Fagráðið er skipað samkvæmt reglugerð um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga nr. 262/2011 til fjögurra ára í senn. Hlutverk þess er að vera heilbrigðisráðherra til ráðgjafar um öll fagleg málefni er varða sjúkraflutninga á, við og yfir Íslandi og skylda starfsemi. Skólastjóri situr í ráðinu fyrir hönd Sjúkraflutningaskólans sem menntastofnunar sjúkraflutninga. Helstu verkefni ráðsins á árinu sneri að endurnýjun sjúkrabíla, rýni á skýrslum um stefnumótun auk fleiri verkefna.

### *Aðgerðarstjórn almannavarna Norðurlandi eystra.*

Skólastjóri situr í aðgerðarstjórn almannavarna Norðurlands eystra fyrir hönd SAK.

### *Samstarf.*

Sjúkraflutningaskólinn átti farsælt samstarf við marga aðila á árinu. Þakkir eru færðar rekstraradilum sjúkraflutninga fyrir gott samstarf, en sérstaklega viljum við þakka Slökkviliði höfuðborgarsvæðissins, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Brunavörnum Suðurnesja, Slökkviliði Akureyrar, Slökkviliðinu í Fjarðarbyggð, Landsspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Neyðarlínunni fyrir veitta aðstoð við starfsþjálfun og aðra aðstoð við framkvæmd námskeiða. Ennfremur fær Verkmenntaskólinn á Akureyri og Adam Óskarsson miklar þakkir fyrir aðgang að Moodle kennslukerfi VMA og aðstoð við umsjón kerfissins en VMA veitir Sjúkraflutningaskólanum aðgang að kerfinu okkur að kostnaðarlausu. Endurlífgunarráð Íslands og Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir kennslu- og þjálfunarstjóri á SAK fá þakkir fyrir gott samstarf. Umsjónarmenn, verkefnisstjórar og leiðbeinendur námskeiða eru burðarásar í náminu og fá þeir sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf.

### **Lokaorð**

Á grundvelli tillögu nefndar um sjúkraflutninga á Íslandi frá janúar 2008 og skýrslu Boston Consulting Group frá því í júní 2012, þar sem segir að bæta skuli grunnmenntun sjúkraflutningamanna á Íslandi og færa hana á neyðarflutningastig eða hærra, var unnið að endurskoðun grunn-og framhaldsnáms sjúkraflutningamanna á árunum 2012-2015. Nú er komin fyrsta reynsla á keyrslu námsins á öllum stigum og tímabært að hefja vinnu við mat á þessum breytingum. Ljóst er að efla þarf verulega gæðamat á námi skólans þannig að tryggt sé að námið skili því sem til er ætlast. Ennfremur er brýnt að skólinn starfi eftir formlegri námskrá sjúkraflutningamanna en námskrá sú sem skólanum er sett er frá árinu 1999 og löngu úrelt. Með lengingu námsins og stóraukinni starfsþjálfun nema hefur umfang við skipulag og stjórnun aukist mjög og á köflum erfitt að veita nemendum og öðrum samstarfsaðilum alla þá þjónustu sem þeir kalla eftir. Jafnframt eru að bætast ný verkefni s.s. menntun lögreglunema sem vettvangshjálparliða sem kallar á talsverða vinnu. Á árinu var lokið við endurskoðun á námsefni í vettvangshjálparliða (EMR) og var það verkefni unnið af verkefnisstjóra í verktöku. Mörg verkefni bíða, ekki síst lykilaðgerðir sem eru niðurstöður stefnumótunarvinnu skólans, hugmyndir um nám fyrir neyðarsímaverði (EMD), endurnýjun og aukning á kennslubúnaði, samninga við rekstraraðila um húsnæði fyrir kennslu og fleira. Unnið var að endurnýjun heimasíðu skólans og stefnt er á að taka hana í notkun vorið 2020.

Endurmenntun sjúkraflutningamanna þarf að gefa betri gaum. Mjög misjafnt er hvornig henni er sinnt en víða er endurmenntun sinnt af rekstraraðilum sjálfum án aðkomu skólans en samræmd skráning á endurmenntun er ekki til. Víða hafa heilbrigðisstofnanir sinnt endurmenntun vel og hafa í auknum mæli sóst eftir endurmenntun sem snýr að viðbragðsþjónustunni í heild, og ná þannig öllum saman sem koma að utanspítalaþjónustu á viðkomandi svæði og er það góð framþróun. Í skýrslu um stefnumótun í sjúkraflutningum til ársins 2030 er þessu gerð sérstök skil og vonandi koma tillögur nefndarinnar um endurmenntun til framkvæmda sem fyrst.

Ljóst er að skólinn hefur alla burði til að vaxa og dafna og mikilvægt að honum séu sköpuð skilyrði til þess.

Skólastjóri vill þakka öllum samstarfsaðilum gott og farsælt samstarf á árinu 2019.

Ingimar Eydal  
Skólastjóri